

ÍSLENDINGAR OG ANNAÐ MANNKYN

I

Ég býst við að mörgum muni leika hugur á að lesa bók Jónasar Guðmundssonar „Saga og dulspeki“ og mér þykir bókin mikilsverð, ekki síst vegna þess, að hún getur verið mönnum svo góð hjálp til að skilja, að það er ekki nein dulspeki, sem ég er að boða. Ég hefi engar ástæður til að geta dæmt um það, hvort pýramíðinn mikli er spádómsverk af steini gjört, eins og sumir halda, og mér þykir í allra ólíklegasta lagi, að vér Íslendingar séum ættaðir frá Gyðingalandi — nema að svo miklu leyti sem vér erum afkomendur danskra Gyðinga, sem hér hafa verið; og getur það vitanlega ekki verið nema lítillaga. Ég hefi gefið þessum málum nokkurn gaum, einungis vegna Adams Rutherfords, manns sem mér þykir mjög mikið til koma, og þó að vísu ekki sakir áhuga hans á pýramíðanum mikla, eða ættkvísl Benjamíns, heldur af því, að hann hefir getað látið sér til hugar koma, að hin litla íslenska þjóð geti haft, eigi einungis þýðingu, heldur úrslitapýðingu fyrir allt mannkyn. Slíkt ber á mjög háu stigi vott um það, sem á útlendu máli er nefnt geni (sjení). Því að hvað mundi þykja ólíklegra en einmitt þetta, þó að það sé nú raunar rétt. Íslensku þjóðinni er í sannleika þýðingarmikið hlutverk ætlað í sögu mannkynsins, sem þýðingarmikið, að ef hún áttar sig ekki á því, þá er mjög tvísýnt um, að nokkur íslensk þjóð verði til um næstu aldamót. Mun hverjum skynsömum manni virðast þetta mjög miklu skiljanlegra nú, en þegar ég vakti fyrst máls á því fyrir nálega 30 árum, að hin mestu aldaskipti væru fyrir höndum. Málið er í rauninni einfalt. Hér er um að ræða sannleik, sem ekki er hægt að efast um, þegar einu sinni hefir verið bent

á hann. Tilgangur lífsins er að eflast svo, að það geti náð stjórn á öflum náttúrunnar, í þágu sífellt fullkomnara lífs. En á útjaðri vitheims er þetta mjög erfitt. Í nálega þúsund milljónir ára er lífið að gróa á þessari jörð, áður skapast geti hér vitvera. Og hún er þá, þegar hún loksins kemur fram, svo óburðug, að í þúsundir alda er varla um framför að ræða. Og jafnvel eftir að framfarir hefjast, er skilningurinn á ætlunarverki mannkynsins þó svo lítill, sem marka má t. d. af meðferðinni á einum ágætasta vitmanni sem verið hefir, Giordano Brúnó. Hann er fangelsaður 48 ára gamall, einmitt fyrir að hafa afrekað það, sem meir horfði til framfara en nokkuð annað, sem gert hafði verið á þessari jörð, og líflátinn á hryllilegasta hátt, 8 árum síðar (árið 1600). Og engum kom til hugar, að nokkurt samband kynni að vera milli þessa skelfilega ódæðis, og 30 ára stríðsins, eða annarra herfilegra tíðinda 17. aldarinnar. Og engum kemur heldur til hugar nú, að nokkurt samband kunni að vera milli þeirra ógurlegu tíðinda, sem nú eru að gerast, og þess, að þeir hafa einatt átt svo erfitt uppdráttar, sem mestan hug höfðu á að vinna að vitkun mannkynsins. Svo erfið hefir sú framsókn verið, að nú virðist í fullt óefni komið, en þangað eftir hjálpinni að líta, sem flestir mundu telja svo ólíklegt, að ómögulegt, er annað en undrast andagift þess manns, sem gat látið sér hið rétta í þessu máli til hugar koma.

Hjálpin fæst ef vér getum lært að sigrast á því, sem helst hefir hindrað, að vitveran, sem á að taka að sér stjórn náttúrunnar á þessum hnetti, gæti náð nauðsynlegum þroska. Vér verðum að fá samband við fullkomnari verur en vér erum hér á jörðu, en þó engu síður líkamlegar en vér erum, og íbúar einhverrar jarðstjörnu eins og vér. En fyrsta skilyrðið til þess, að þetta geti orðið, er nú einmitt vitneskjan um það, að það þurfi að verða. Mannkyn, sem trúir á anda og andaheim, eða þá, hinsvegar, aðhyllist tómfræðilega goðafræði, eins og þá sem dr. Jón Gíslason hefir verið að segja oss svo fróðlega frá í Útvarpinu nú undanfarið, er á glötunar vegi.

Vér hér á jörðu eigum fyrir höndum verk, sem ekki verður

unnið án samtaka alls mannkyns, og þó verður að vinna, ef ekki á mannkynið að líða undir lok, með ýmsum afleiðingum lengra fram, sem gera allt þetta ennþá miklu herfilegra en það eitt, að mannkynið yrði aldauða hér á jörðu.

II

Ég býst við, að öllum geti komið saman um það, hversu ólíklegt er, að styrjöld mundi lengi standa, ef þekking á þessu sem hér hefir verið dregið á, væri almenn orðin. En svo mundi fljótt verða, þegar samband það hefði tekist, sem ég hefi nú um allmörg ár verið að reyna til að vekja athygli á í bókum og blöðum. Það sem á vantar í þessum efnum, að vel sé, er ekki það, að ekki sé til nóg vit í kollunum til að skilja þetta mál, ef aðeins væri á því viti tekið. Það sem vanhagar um, er miklu fremur góðvild. Mönnum þykir skemmtilegra að hugsa sér, að einhver sem við erfiðar ástæður hefir verið að leitast við að vinna að eigin vitkun og annarra, sé e. t. v. eitthvað geggjaður, heldur en hitt, að honum hafi þó, þrátt fyrir allt, tekist að ávinna eitthvað það, sem mjög þýðingarmikið geti reynst. Og svo kemur hér einnig til greina nokkur skortur á sannri þjóðrækni. Aftur og aftur er verið að lýsa því yfir, að það sé alveg óhugsanlegt, að hin örsmáa íslenska þjóð geti haft nokkur áhrif á stórviðburði mannkynssögunnar; þar sé fyrir oss ekki annars kostur, en taka því sem að höndum ber. Og hafa menn það að vísu til síns máls, að önnur stóráhrif á sögu mannkynsins getur svo örsmá þjóð sem vér Íslendingar erum, ekki haft, en þau sem leiða mundu af því, að hér hjá oss komi fram einhverjar þær hugsanir, sem þýðingu hefðu fyrir allt mannkyn. Og virðast menn nokkurnvegin sannfærðir um, að það geti ekki orðið. En gætið að hvað gerst hefir. Nú í sumar hafa þúsundir Íslendinga heyrt einn af fremstu sagnfræðingum Norðmanna fara um það fögrum orðum, hve stórmikla þýðingu Snorri Sturluson hafi með söguritun sinni haft fyrir sjálfsvirðingu og þarafleiðandi sjálfstæðisbaráttu norsku þjóðarinnar. Og ekki er vert að gleyma því, að þessi rit, sem svona afarþýðingarmikil hafa

reynst, voru um daga höfundarins, og jafnvel eftir dauða hans, ekki í meiri metum hér á landi en það, að þau eru hvergi nefnd í Sturlungu, þó að þess sé að vísu getið, en einungis í sambandi við dvöl Sturlu Sighvatssonar í Reykholti, að Snorri hafi „sett saman“ bækur. Og það er jafnvel óhætt að segja, að það hafi verið Norðmenn, sem fyrst uppgötvuðu hversu stórmerkilegur rithöfundur Snorri Sturluson hafði verið. Og enn er það nokkuð úr sömu áttinni, að það skuli ekki vera fyrr en nú á 20. öldinni, sem nokkur Íslendingur hefir gert sér líkt því eins háar hugmyndir um íslensku þjóðina og Skotinn Adam Rutherford.